

## Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2024, mánudagurinn, 3. júní var haldinn 50. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Borgum og hófst kl. 16.37. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Fanný Gunnarsdóttir, Erla Bára Ragnarsdóttir, Helgi Áss Grétarsson og Tómas Örn Guðlaugsson. Fundinn sátu einnig Ragnar Harðarson og Anna Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Fram fer kynning á breytingu á aðalskipulagi Keldna og Keldnaland. MSS23090164  
Haraldur Sigurðsson og Hrafnkell Á. Proppé taka sæti á fundinum undir þessum lið.  
- Kl. 16.45 tekur Árni Guðmundsson sæti á fundinum.
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034  
Eiríkur Björn Björgvinsson, Ómar Einarsson og Frímann Örn Ferdinandsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Lögð fram að nýju ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, íbúasamtaka Grafarvogs og foreldrafélaga um stuðning við tillögu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti um friðlýsingu í Grafarvogi, sbr. 2. lið fundargerðar íbúaráðs Grafarvogs frá 8. apríl 2024. USK23080213  
Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks, íbúasamtaka Grafarvogs, foreldrafélaga og slembivöldum fulltrúa. Fulltrúi Framsóknarflokks situr hjá við afgreiðslu málsins.
- Fram fer umræða um öryggismyndavélar í Reykjavík. MSS21120247

Íbúaráð Grafarvogs legur fram svohljóðandi bókun:

Þegar verið er að vega og meta hversu heppilegt er að starfrækja öryggismyndavélar í Reykjavík þá verður til þess að líta að í kosningu á meðal íbúa í Grafarvogi í Hverfinu mínu árið 2018 lenti „rafræn vöktun“ í öðru sæti hjá íbúum í Grafarvogi. Þá hafði áður verið búið að senda inn þessa tillögu í samkeppnina og hún hlotið brautargengi og grænt ljós hjá borginni. En síðan má segja að ekkert hafi gerst þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, aðeins sagt að málið væri í ferli. Íbúaráð Grafarvogs lýsir yfir ánægju með tilraunir formanns ráðsins að þrýsta á viðeigandi aðila innan borgarkerfisins til að komið verði á kerfi öryggismyndavéla í Grafarvogi. Brýnt er að þessu máli sé haldið á lofti og það komist í verk að net öryggismyndavéla verði sett upp í hverfinu.

- Lögð fram auglýsing Skógræktarfélag Reykjavíkur dags. 3. maí 2024, um Hverfistré Reykjavíkurborgar. MSS24050013
- Lögð fram auglýsing dags. 21. maí 2024, um Borgaraþing 8.júní nk. MSS2405012

**Fundi slitið kl. 18.53**

Fanný Gunnarsdóttir

Helgi Áss Grétarsson

Árni Guðmundsson

Tómas Örn Guðlaugsson

Erla Bára Ragnarsdóttir